

Fiskeldi Austfjarða hf.
Strandgötu 18
735 Eskifirði

Reykjavík, 3.2.2025
UST202402-110/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 22.10.2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða, Fáskrúðsfirði, þann 3.9.2024. Þann 19.11.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 1.2 í starfsleyfi. Ákvæði um hvíldartíma á Höfðahúsabót var ekki virt árið 2024. Slátrun á svæðinu lauk í febrúar 2024 og fiskur var settur í kvíar á svæðinu í lok maí sama ár, en krafa er um að svæðið sé hvílt í níu til tólf mánuði.
- Gr. 1.2 í starfsleyfi. Ákvæði um hvíldartíma á Fögrueyri var ekki virt árið 2024. Slátrun á svæðinu lauk í mars 2024 og fiskur var settur í kvíar á svæðinu í júlí sama ár, en krafa er um að svæðið sé hvílt í níu til tólf mánuði.

Rekstraraðili hefur sent stofnuninni áætlun vegna hvíldartíma fyrir næstu ár þar sem gert er ráð fyrir því að hvert svæði verði hvílt í a.m.k. níu mánuði. Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur